

---

# ÁRSSKÝRSLA



**NÁMS-OG STARFSRÁÐGJÖF**

**Skólaárið 2025-2026**

Agnes Ósk Snorradóttir

Anna Fríða Bjarnadóttir

Bjarney Sif Ægisdóttir

---

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Starfslið.....	2
Símenntun, fundir og samstarfsverkefni .....	2
Ráðgjöf á Reykjum.....	2
Samvinna við félagsráðgjafa.....	2
Kynningarstarf og heimsóknir .....	3
Foreldrafundur .....	3
Kynningar fyrir grunnskóla .....	3
Opíð hús.....	3
Heimasíða og samfélagsmiðlar.....	3
Greiningalisti.....	4
Sérúrræði í lokaprófum .....	4
Opin vottorð .....	4
Viðtöl .....	5
Önnur verkefni .....	5
Nýjungar .....	6
Fundir með stjórnendum.....	6
Umræður og lokaorð .....	7

## Starfslið

Skólaárið 2025-2026 störfuðu þrjú náms- og starfsráðgjafar við skólann í samtals 225% stöðuhlutfalli. Agnes Ósk Snorradóttir í 75% stöðuhlutfalli og fagstjóri námsráðgjafar. Anna Fríða Bjarnadóttir í 75% stöðuhlutfalli. Bjarney Sif Ægisdóttir í 75% starfshlutfalli í námsráðgjöf, auk þess að kenna og vera með umsjón grunnenntabráar.

## Símenntun, fundir og samstarfsverkefni

Námsráðgjafar sóttu ýmsa fundi og rafræna fyrirlestra á skólaárinu.

- Námsráðgjafar fóru á þrískólafund á Suðurnesin í september ásamt öðrum starfsmönnum skólans.
- Bjarney og Anna Fríða fóru ásamt Höllu Dröfn félagsráðgjafa á fjölmenna ráðstefnu/vinnufund í Reykjavík: Vinnufundur um samræmd viðbrögð við ofbeldi meðal barna. *Saman tryggjum við öryggi barna.*
- Námsráðgjafar fóru á Haustráðstefnu félags náms-og starfsráðgjafa sem haldin var á Grandhótel og bar yfirskriftina: *Virðing og velferð.*
- Námsráðgjafar fóru ásamt félagsráðgjafa á Málþing á vegum Menntafléttu um skólaforðun.
- Námsráðgjafar fóru ásamt kennurum á listnámsbraut í heimsókn í Myndlistaskólann í Reykjavík. Fengu kynningu á náminu og húsnæði skólans.

## Ráðgjöf á Reykjum

Reynslan hefur leitt í ljós að náms-og starfsráðgjöf í lotuvikum á Reykjum er ekki mikið nýtt af nemendum. Nemendur á Reykjum höfðu aðgang að náms- og starfsráðgjöfum eins og aðrir nemendur skólans. Viðtölin voru aðallega, símaviðtöl, ráðgjöf í gegnum tölvupóst og nemendur komu hingað á Selfoss í ráðgjöf. Mikilvægt er að hafa í huga að um er að ræða fjölbreyttan nemendahóp sem kallar á ólíka nálgun í ráðgjöf.

## Samvinna við félagsráðgjafa

Samvinna milli námsráðgjafa og félagsráðgjafa var talsverð á árinu varðandi einstaka nemendur. En með þessari samvinnu næst gott ut anumhald sem eykur enn líkurnar á farsælli skólagöngu með þverfaglegri þjónustu við nemendur. Námsráðgjafar og félagsráðgjafi eru í EKKO teymi skólans. Á skólaárinu fór mikil vinna fram í EKKO teyminu. Unnið var meðal

annars að framtíðarskipulagi forvarna í EKKO málum, svo sem „jákvæðum nóvember“ og hjartastöð á Kátum Dögum. Einnig var talsverð vinna lögð í að klára EKKO bækling skólans. Vinnan hlaut viðbótarstyrk úr Fageflingarsjóði FSu til þess að greiða fyrir hönnun og uppsetningu bæklinga ásamt vinnu við fræðslu á fyrstu viðbrögðum fyrir allt starfsfólk skólans.

## **Kynningarstarf og heimsóknir**

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan skólans og á vegum hans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Að auki eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

### **Foreldrafundur**

Foreldrakynningin var haldin í sal skólans í september. Þar kynntu námsráðgjafar námsráðgjöfina fyrir foreldrum nýnema skólans. Að þessu sinni var nemendaráðgjöfin kynnt í heild, námsráðgjöf og félagsráðgjöf. Að kynningu lokinni voru opnar stofur í stofum 309 og 311 þar sem foreldrar gátu hitt ráðgjafa.

### **Kynningar fyrir grunnskóla**

Náms- og starfsráðgjafar buðu grunnskólum á Suðurlandi upp á að fá kynningu á námi í FSu fyrir nemendur sína í 10.bekk. Til viðbótar komu nokkrir einstaklingar í heimsókn til okkar til þess að fá kynningu á námi. Farið var yfir kynningarefni fyrir grunnskólanemendur og það uppfært. Alls var FSu kynntur fyrir nemendum 11 grunnskóla á Suðurlandi. Að þessu sinni var algengasta form á kynningum þannig að skólarnir komu með nemendahópana sína hingað til okkar og fyrst var byrjað á kynningu og svo farin skoðunarferð um skólann.

### **Opið hús**

Þriðjudaginn 24. mars var opið hús í FSu. Náms- og starfsráðgjafar stóðu vaktina og svöruðu spurningum um skólann, námið og námsframboð.

## **Heimasíða og samfélagsmiðlar**

Í upphafi hveggis annar þarf að uppfæra upplýsingar á svæði námsráðgjafar á heimasíðu skólans, svo sem skipulagseyðublöð, viðtalsbókanir og aðrar upplýsingar. Heimasíðan er því í stöðugri þróun. Náms- og starfsráðgjöf FSu heldur utan um síður á Instagram og Facebook þar sem áhersla er lögð á að miðla mikilvægum upplýsingum til nemenda og foreldra, svo sem námstækniráðum, dagsetningum og valáföngum. Þetta er liður í að auka aðgengi allra að námsráðgjöf.

## Greiningalisti

Nemendur á greiningarlista, það er nemendur við skólann sem skilað hafa inn greiningagögnum og eru ekki á sérnámsbraut. Á Reykjum skiluðu 12 nemendur inn greiningagögnum á skólaárinu. Í dagskóla á Selfossi höfðu 278 nemendur skilað inn greiningagögnum fyrir haustönn og 241 fyrir vorönn.

Þegar nemandi skilar inn greiningagögnum, skráir náms- og starfsráðgjafi það í Innu og í Go Pro ásamt því að afrit af gögnum eru geymd í læstum skjalaskáp. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komist sem fyrst til kennara viðkomandi nemenda. Upplýsingar um greiningar eru skráðar í athugasemdir í Innu (Admin Inna) og fara sjálfkrafa á hópalista kennara. Komi nýjar greiningar í hús eftir að skólastarf byrjar, eru kennarar látnir vita af því sérstaklega. Með þessu móti er tryggt að kennarar hafa upplýsingarnar nálægar og þær eru vel sýnilegar fyrir kennarana. Allir nemendur á greiningalista og forráðamenn þeirra ef nemandi er undir 18 ára aldri, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir lokapróf. Í upphafi hvernar annar senda námsráðgjafar tölvupóst á kennara vegna nemenda sem eiga rétt á sérúrræðum. Kennarar eru hvattir til þess að fylgjast vel með þessum nemendum og sérstök áhersla var lögð á rétt nemenda til sérúrræða í símatsáföngum.

### Sérúrræði í lokaprófum

Náms- og starfsráðgjafar auglýstu til nemenda sem hafa skilað inn greiningargögnum hvenær og hvernig sækja þurfi um sérúrræði á prófatíma í desember og í maí. Sérúrræði á prófatíma eru skráð beint í Innu. Nemendur geta sótt um sjálfir, eða með aðstoð náms- og starfsráðgjafa sem síðar þarf að samþykkja umsóknina. Prófstjóri tekur saman sérúrræðin og vinnur við að koma þeim í framkvæmd, í samvinnu við kennara. Í vetur hafði deildarfulltrúi á Reykjum umsjón með sérúrræðaumsóknum þar.

## Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu nemenda og mætingar. Nemendur skila inn opnu vottorði til náms- og starfsráðgjafa og skrá veikindi í Innu þá daga sem þeir geta ekki mætt í skólann vegna veikinda sinna, eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára. Veikindi eru skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu.

Á haustönn 2025 skiluðu 45 nemendur inn opnu vottorði og á vorönn 2026 skiluðu 52 nemendur inn opnu vottorði. Opnum vottorðum hefur fjölgað talsvert milli skólaára en aukning er rúmlega 44%. Á vorönn 2025 skiluðu 36 nemendur inn opnu vottorði. Möguleg ástæða er sú að búið er að skerpa á skólasóknarreglum en það þyrfti að skoða þessa þróun betur.

## Viðtöl

Viðtöl námsráðgjafa eru af ýmsum toga. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Auk þess má nefna símtöl, tölvupóstssamskipti, samtöl við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur í starfinu. Einnig eru ráðgjafar í margvíslegri undirbúningsvinnu t.d. fyrir námskeið, fundi og annað sem óskað er eftir. Við teljum að upplýsingar um fjölda viðtala gefi ekki rétta mynd af starfi náms- og starfsráðgjafa og því er sú tala ekki sérstaklega tekin saman í ársskýrslu.

## Önnur verkefni

Ýmis verkefni náms- og starfsráðgjafa eru einstök og tilfallandi og falla ekki undir ákveðinn kafla. Til dæmis eftirfarandi atriði:

- Opnar stofur hjá námsráðgjöfum í upphafi beggja anna skólaársins til þess að aðstoða nemendur sem geta ekki nýtt sér rafrænar töflubreytingar. Þessi þjónusta er alltaf mjög vel sótt og nauðsynleg fyrir nemendur.
- Námsráðgjafar bjóða upp á opna valstofur í kringum valið í október og í mars.
- Farið er yfir lista af nemendum sem hafa fallið í mörgum áföngum, eða ítrekað í áföngum og þeim boðin viðtöl/eftirfylgni.
- Agnes er í áfallateymi skólans.
- Námsráðgjafar sjá um að auglýsa stöðupróf í erlendum tungumálum og upplýsa umsjónarmann nemenda með annað móðurmál en íslensku um væntanleg stöðupróf.
- Móttaka og skipulag dagskrár fyrir nema í náms- og starfsráðgjöf.
- Bjarney fór í Braga/umsjónartíma á sérnámsbraut með fræðslu um svefn og orkudrykkjanotkun.
- Anna Fríða fór í Braga/umsjónartíma á sérnámsbraut með fræðslu um kvíða.
- Bjarney tók á móti þýskum kennurum í Job shadowing ásamt Evu Dögg kennara.

- Anna Fríða skráir öll greiningagögn í GoPro.
- Allir námsráðgjafar eru í EKKO teymi skólans.
- Agnes mætir á *áttufundi* stjórnenda einu sinni í mánuði með ýmis mál tengd ráðgjöfinni.
- Námsráðgjafar svöruðu *Könnun um úrræði og þjónustu fyrir ungmenni í brotthvarfshættu*.
- Námsráðgjafar tóku þátt í Kátum dögum og voru með *Hjartastöð* ásamt félagsráðgjafa þar sem nemendum gafst kostur á að skrifa falleg og hvetjandi skilaboð á gul hjörtu og festa upp á vegg.
- Námsráðgjafar fóru yfir verklag vegna agabrota sem stjórnendur hafa verið að vinna að.
- Agnes hannaði nemendarými á 3ju hæð og sá um framkvæmd ásamt Kalla og Jóa húsvörðum og Ágústu myndlistakennara.
- Aukin samskipti hafa verið við Iðan fræðslusetur þar sem óskað er eftir staðfestingum á greiningum sem nemendur hafa skilað inn vegna sveinsprófa.

## Nýjungar

- Anna Fríða gerði eyðublað þar sem nemendur eldri en 18 ára samþykkja afskipti forráðamanna. Auk þess að skrifa undir eyðublaðið geta nemendur hakað við í INNU undir stillingar sem gefur foreldrum aðgang. Foreldrar geta svo í framhaldinu farið áfram í INNU með því að nota rafræn skilríki.
- Námsráðgjafar gerðu verklagsreglur sem þeir fara eftir þegar nemandi hefur nýtt sér andmælarétt og mætir í viðtal vegna fjarvista.

## Fundir með stjórnendum

Námsráðgjafar funda með stjórnendum þegar upp koma málefni sem þarf að ræða sérstaklega. Á þessu skólaári voru fundirnir nokkrir. Fundað var í september með vegna verklags við mætingareglur og í framhaldinu var flæðirit vegna skólasóknarreglna uppfært. Aftur var fundað í október vegna sérúrræða sem nemendur sem skilað hafa inn greiningagögnum eiga rétt á. Niðurstaðan var að þetta yrði tekið fyrir á fagstjórafundi í nóvember. Í nóvember var fundað

vegna mætingareglna. Í janúar var fundað vegna rauðra miða, dagatals Reykja og úrskráningar úr áföngum, verkferils og fleiri verklagsskjöl.

## Umræður og lokaorð

Í þessum kafla er sjónum beint að helstu atriðum sem snerta þróun og skipulag náms- og starfsráðgjafar á skólaárinu. Þar er meðal annars litið til samvinnu ólíkra aðila, aðgengi að stuðningi og þeirra tækifæra og áskorana sem hafa komið upp. Rætt er um hvernig efla megi þjónustuna enn frekar og tryggja að hún styðji á sem bestan hátt við velferð og námsframvindu nemenda.

Hjúkrunarfræðingur frá HSU er með fasta viðveru á fimmtudögum hér í skólanum. Þetta er mikilvæg viðbót við stoðteymi skólans. Með áframhaldandi þróun þessa samstarfs og samvinnu aukast möguleikar á þverfaglegri samvinnu sem stuðla að velferð nemenda. Þetta er mikilvæg tenging sem þarna er búið að koma á varðandi aðgengi nemenda að heilbrigðisþjónustu.

Það hefur haft áhrif á þjónustu og tengsl náms- og starfsráðgjafa við nemendur í Garðyrkjuskólanum á Reykjum að skóladagatalið er ekki samræmt. Garðyrkjuskólinn er skipulagður með lotuvikum og er að stærstum hluta fjarnámsskóli. Prófadagar aðrir en á Selfossi, aðrar reglur varðandi sérúrræði og fleira. Þetta veldur því að þjónusta námsráðgjafa við nemendur á Reykjum er ekki sú sem við viljum. Einnig skapar þetta óöryggi varðandi hlutverk hvers og eins varðandi þjónustu við þennan nemendahóp til dæmis varðandi sérúrræðaumsóknir. Það að skóladagatalið væri samræmt og prófareglur einnig myndi auðvelda utanumhald um þessa þjónustuþætti.

Á skólaárinu var námsver/námsaðstoð, þar sem nemendur geta komið að eigin frumkvæði og fengið aðstoð við heimanám. Námsverið/námsaðstoð þarf að vera opið fleiri daga/tíma í hverri viku (ná yfir fleiri stokka) en nú er, svo það festist betur í sessi og sem flestir hafi aðgang að því. Einnig væri æskilegt að það fengi fastan samastað í skólanum, helst í Odda svo skapa megi gott námsumhverfi þar sem námsgögn eru til staðar og góðar og hvetjandi aðstæður til náms. Námsráðgjafar sjá tækifæri til meira samstarfs við námsverið/námsaðstoð og áframhaldandi þróun þess. Við horfum meðal annars til þess að nemendur sem eiga rétt á sérúrræðum í námi geti í framtíðinni tekið próf þar.

Á skólaárinu funduðu námsráðgjafar með stjórnendum til þess að ræða hvernig hægt sé að koma til móts við nemendur sem eiga rétt á sérúrræðum í námsmati. Samkvæmt

Aðalnámsskrá Framhaldsskóla eiga nemendur rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Fjölgun símatsáfanga og fækkun lokaprófa í töflu kalla á nýjar leiðir varðandi útfærslu á sérúrræðum sem áður einskorðuðust meira við lokaprófsúmsóknir. Niðurstöður þessa fundur var að sviðstjórar fóru með erindið á fagstjórafund og stefnt er að því að útfæra þetta betur í upphafi næstu annar.

Á þessu skólaári hefur verið skerpt á reglum og ferlum varðandi mætingar nemenda. Aðkoma námsráðgjafa var töluverð að þessu verkefni. Það verður áhugavert að sjá hvort þessi áhersla og ný vinnubrögð hafa skilað sér í betri mætingu og námsárangri nemenda.

Námsráðgjafar sitja í EKKO teymi skólans ásamt félagsráðgjafa. Okkur hefur þótt vanta upp á heildstæðari nálgun í forvarnarmálum skólans. Til þess að sinna forvarnarhlutverki í EKKO málum er mikilvægt að EKKO teymi og forvarnar- og félagsmálafulltrúar, verkefnastjóri Heilsueflandi framhaldsskóla og jafnréttisnefnd komi að borðinu og skipuleggi fræðslu hvers skólaárs. Forvarnir eru lykilatrið til þess að fyrirbyggja að EKKO mál komi upp. EKKO teymið er viðbragðsaðili þegar upp koma EKKO mál en mikilvægt er að viðbragðsaðilar og þeir sem sinna forvörnum í skólanum vinni vel og markvisst saman til þess að stefnt sé í sömu átt í þessum málum. Við sjáum fyrir okkur að þessir aðilar fundi í upphafi hvers skólaárs og leggi línurnar fyrir komandi ár.

Í draumaskólanum okkar er framsýn og leiðandi nemendapjónusta sem inniheldur náms- og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa, sálfræðing, félagsráðgjafa, fjölmennningarfulltrúa, skólahjúkrunarfræðing og tómstunda- og félagsmálafræðing sem myndi m.a. sinna starfi félags- og forvarnarfulltrúa. Með þannig þjónustu væri komið til móts við námslegar, félags- og tilfinningalegar þarfir nemenda. Með stöðugri fjölgun nemenda með erlendan bakgrunn er mikilvægt að leggja áherslu á þjónustu við þennan nemendahóp og jafnframt huga að fræðslu til kennara/starfsfólk. Nemendur hefðu jafnari tækifæri til náms.

Agnes, Anna Fríða og Bjarney